

Börn læra nýtt tungumál:

- Óbeint með þátttöku í daglegu lífi og skólastarfi
- Með markvissri kennslu

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Í kennslustundum og námsbókum í móðurmáli

- Er ekki verið að kenna tungumálið
- Oftar en ekki er verið að athuga hvað nemendur kunna
- Eða að kalla fram þekkingu sem á að vera til staðar (t.d. Hvaða kyn er orðið hús?)

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Móðurmál – ekki svo einfalt

- Stundum er tungumálið sem talað er heima fábrotið, t.d. Engar bækur til á tungumálinu
- Foreldrar tala stundum saman tungumál sem þeir hafa ekki góð tök á
- Stundum er tungumálið talað af svo litlum hópi fólks að engar orðabækur eru til
- Fer eftir aldri og námslegri stöðu barnsins

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Orðaforði

- Framleiðsluorðaforði – produktive tal - ritun
- Móttökuorðaforði – receptive hlustun - lestur

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Gengur málanámið hægt eða hratt?

- Eldri systkini sem tala málið
- Innfæddir vinir eða innfluttir
- Mál sem talað er utan skólatíma – koma innfæddir vinir í heimsókn
- Lestur bóka á nýja málinu
- Hafa foreldrar áhuga á náminu og skólanum
- Hæfileikar til tungumálanáms
- Kunnátta í móðurmáli

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Börn í málanámi

- Gera villur með áhrif frá móðurmáli
- Finna upp ný orð, gera tilraunir með beygingar í nýja málinu án áhrifa frá móðurmáli - mikilvægur þáttur! – sama og gerist hjá ungum börnum sem eru að læra að tala
- Eftir gelgjuskeiðið ná þau ekki “fullkomnum” framburði, hafa alltaf hreim

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Umhverfið hefur áhrif

- Börn verða að fá tækifæri til að gera tilraunir með tungumálið, án þess að eiga það á hættu “að gera sig að fífli”.
- Börn verða að fá tímabil þar sem hlustunin er á því stigi sem þau ráða við, einfalt, skýrt tungumál – ekki hálfkveðnar vísur eða með tilvísun í eitthvað sem þau vita ekki eða skilja ekki.

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Óbeint tungumálanám

- Börn hlusta á nýja málið
- Börn gera í framhaldi af því tilraunir með nýja málið

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

6 ára börn

- Eintyngd börn koma með sterkari undirstöðu inn í skólann en tvítyngd börn
- Strax þarf að vinna að því að brúa bilið

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Hvað þarf að þjálfra?

- Hljóðkerfisvitund- mismunur á móðurmáli og nýja málinu
- Orðaforða
- Orða- og setningamyndun – málfræði, einfaldar reglur
- Tal

- Einkatímar í nýja tungumálinu eiga að vera stuttir en helst á hverjum degi, 5-15 mín.

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Notkun málfræði

- Fyrst nota nemendur engar beygingar
- Svo nota þeir eina reglu sem þeir yfirfæra á öll orð – ein stelpa tvær stelpur, einn strákur tvær strákur
- Síðan koma fleiri reglur
- Síðast koma undantekningar – algeng orð

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Tal

- Hjóða tímabilið er virkt tímabil, 3-12 mánuðir
- Síðan fara nemendur “á flug”
- Á einhverjum tímapunkti er ekki lengur hægt að greina að um tvítyngt barn sé að ræða
- Það blekkir, því daglegt tal krefst takmarkaðs orðaforða

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Hversu hratt gengur málanámið?

Auk ofangreindra atriða:

- Bakgrunnur – félagslegur, menntunarlegur
- Notkun móðurmáls – lítil – mikil – ræktun
- Námið í skólanum - Við hæfi? Ekki of erfitt? Passlega krefjandi?
- Námsefnið
- Aldur
- Fjölmeningarlegar áherslur í skólanum

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Námskrá

- Skýr mælanleg markmið
hvað þurfa nemendur að kunna á hverju
stigi
- Hvaða námsefni styður við þessi markmið
- Vikulegar vinnuáætlanir
- Hversu margar kennslustundir börnin þurfa
að fá í sérstakri kennslu í nýja málinu
- Stigspróf

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Fjölbreytni

Mikilvægast er að í skólastarfinu ríki fjölbreytni:

- Margvíslegt bekkjarstarf með eintyngdum jafnöldrum – top-down
- Tal og hlustun við hæfi
- Lestur og ritun við hæfi
- Markviss orðaforðainnlögn – bottom-up
- Markviss málfræðiinnlögn – bottom-up

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Að tala við tvítyngda:

- Leggja áherslu á aðalorð setningar: Ferðu á morgun til læknis? **Á morgun – læknir?**
- Einfaldar setningar – ekki orðskrúð eða óþörf orð
- Endurtaka eða umorða
Hvað heitir stelpa? Nafnið á stelpunni?
Stelpa heitir.....?
- Gefa upp aðalorðið fyrst: púsla – ertu búinn að púsla?
- Einföld orð – ekki sleppa orðum

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Að tala við stóran hóp

- Of erfitt fyrir suma
- Of létt fyrir aðra
- Betra að skipta í smærri hópa, t.d. tvítyngdir saman
- Mjög mikilvægt er að börnin fái að taka þátt í samræðum með jafningjum
- Ekki bara góðar samræður heldur margar og oft – því meira því betra

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Í litlum hópum

- Eru samræður með jafningjum – rétt þyngd orðaforða og setninga
- Fá börnin betri hlustun og viðbrögð frá kennara
- Þora þau að tjá sig

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Móttökuorðaforði - receptive

	Eintyngd	Tvítyngd
4 ára	3200	1000
5 ára	3800	1800
6 ára	4400	2500
7 ára	5000	3100
8 ára	5600	3600
9 ára	8300	4000
10 ára	11000	5500
11 ára	14000	7800
12 ára	17000	9800

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Orðaforðakunnátta

- Er lykilatriði í tali og riti
- Skortur veldur lélegu gengi í skóla

LYKILATRIÐI:

1. Nothæf námskrá – orðalisti
2. Nothæfar kennsluaðferði
3. Fagkunnátta kennarans

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Tvítýngd börn læra ný orð

- Sem þau þekkja þegar á móðurmáli og þurfa því aðeins að skipta um orð
- Sem þau þekkja ekki á móðurmáli og þurfa því að læra hugtakið og orðið á nýja málinu

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Orðaforði í texta

- Ef nemandi skilur textann að mestu leyti uppgötvar hann merkingu óþekktra orða
- Ef nemandi skilur ekki lykilorð textans verður allt innihaldið óskýrt
- Vegna lítils orðaforða gengur tvítyngdum börnum illa að ná merkingu texta í skólabókum.
- Á meðan eintyngdu börn uppgötva merkingu nýrra orða – læra hin börnin ekkert

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Að læra ný orð:

- Með því að **merkja** hluti í umhverfinu, heima og í skólastofunni
- Með því að læra ýmis önnur nátengd orð:
klukka – úr – vekjaraklukka – vasaúr – kringlóttar – ferkantaðar – stórar – litlar...
- Með því að útbúa tengslavef:
stóri vísir – litli vísir – kortér í – kortér yfir..
tími – klukkustund – mínúta

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Tengslavefur

Dýr

hafa húð, hreyfa sig
borða, anda

Fuglar

Hafa vængi
og fjaðrir
Fljúga
Krummi, önd, lóa...

Fiskar

Hafa sporð og
ugga
Synda
Ýsa, lax, silingur...

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Að læra ný orð

1. Undirbúningur, vekja forvitni, tengja við bakgrunn
2. Útskýring á orðum, þýdd á móðurmál, útskýrð á íslensku, með teikningu...
3. Vinna með orðin. Hér er þörf fyrir marvísleg verkefni með orðin, krossgátur, eyðufyllingar, spurningar og svör, leikir, söngur o.s.frv.
4. Mat. Athugun á því hvort barnið hefur lært orðin

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Útskýring á orðum:

- Orðabækur, yfir á móðurmál, myndaorðabækur, íslenskar orðabækur
- Setja orðið í samhengi, búa til setningar með orðinu
- Útskýra á móðurmáli barnsins – túlkur
- Gefa samheiti og andheiti

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Útskýring á orðum

- Sýna hlutinn
- Finna lykt
- Leika
- Sýna ljósmynd
- Hlusta
- Sýna í bók

Sigríður Ólafsdóttir, 2006



Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Tilgangur tals:

- Félagslegur
- Hugsanalegur

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Félagslegt tal

- Láta vita um óskir:ég vil leika með dúkkuna
- Vernda sig gegn ásökunum: þetta er ekki mér að kenna
- Ásaka: ég segi kennaranum
- Hugsa upphátt: t.d. í leik, nú gerir mamman þetta, svo gerir barnið þetta...
- Segja öðrum fyrir verkum: komdu,sestu niður
- Skipuleggja: Má ég núna? Þú ert næst.

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Skortur á kunnáttu í félagslegu tali hindrar daglegt líf

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Hugsanalegt tal

- Segja frá t.d. atburði, ferðalagi o.s.frv.
- Gera grein fyrir, skyggjast undir yfirborðið, gera grein fyrir orsök og afleiðingu t.d. Af hverju höldum við jóla? Hvað heldurðu að gerist næst í sögunni?
- Setja sig í spor annarra.
- Ímynda sér, búa til sögu

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Félagslegt og hugsanalegt tal

Félagslegt:

- Er einfaldara
- Hér og nú
- Daglegt líf
- Samskiptamál

Hugsanalegt:

- Er flóknara
- Nauðsynleg undirstaða náms
- Nútíð, framtíð og þátíð
- Þarfnast þjálfunar og örvunar

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Hvetjandi spurningar

Hér og nú:

- Hvað er þetta?
- Hvað sérðu hér?
- Hvað sérðu marga?
- Hver er munurinn á .. og...?
- Hvers vegna gerirðu þetta?
- Af hverju er þetta svona?
- Hvað hugsar...?
- Hvað heldurðu að .. segi?

Framtíð og þátíð:

- Hvernig líturút?
- Hvað gerðir þú..?
- Hvað ætlar þú að gera?
- Hvað gerist ef....?
- Af hverju gerðir þú þetta?
- Af hverju ætlar þú að gera þetta?
- Hvað heldurðu að ... muni segja, gera?

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Kennari verður að taka tillit til nemanda:

- Samtal má ekki vera of létt, þá lærir nemandinn ekkert
- Samtal má ekki vera of erfitt, þá lærir nemandinn ekkert

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Í almennum námsgreinum

- Þarf að athuga fyrirfram hvort orðaforði sé við hæfi
- Hver er lykilorðaforðinn
- Getur erlenda barnið tekið þátt í samræðunum
- Getur erlenda barnið haldið fyrirlestur v. efnið

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Að koma til móts við erlenda nemandann

- Útskýra munnlega, þá getur kennarinn betur gert sér grein fyrir hversu mikið barnið skilur
- Hafa frekar krossaspurningar en opnar spurningar
- Koma til móts við bakgrunnspekkingu
- Texti með nýjum upplýsingum í hverri setningu er erfiðar, betra að hafa miklar útskýringar
- Forðast erfið og sjaldgæf orð sem hafa ekkert með námsgreinina að gera
- Sleppa hreinlega sumum köflum sem eru of erfiðir og fjarlægir bakgrunnspekkingu

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Íslenska og aðrar námsgreinar

- Gott samband/samhengi þar á milli
- Undirbúa skólaorðaforða/hugsanalegt tal í íslenskutímunum
- Kenna námstækni í íslenskutímunum, ráða í erfiðan texta
- Kennarar námsgreina þurfa að undirbúa erlenda nemandann – taka tillit til hans

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Móðurmálakennsla í skólanum

- Vegna samskipta við samlanda, lestur bóka frá heimalandi o.fl.o.fl.
- Bera virðingu fyrir því námi sem barnið þegar hefur stundað, uppruna þess og getu
- Auðveldar allt annað tungumálanám

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Hvernig?

- Hafa sérstaka skóla fyrir ákveðin tungumál, t.d. enskir skólar á Íslandi
- Kenna bara nýja málið og á nýja málinu og láta samlanda sjá um framkvæmd móðurmálskennslunnar
- Hafa fyrst móðurmálið sem hjálparmál til að auðvelda tungumálanámið, með sérkennslutímum innan stundatöflunnar sem síðar fækkar með árunum.
- Kenna jafnt á móðurmáli og nýja málinu, og gera þannig nemendurna algjörlega tvítyngda.

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Reynslan hefur leitt í ljós að

- Kennsla í móðurmáli kemur ekki niður á máltöku nýja málsins
- Kunnátta móðurmáls verður sterkari
- Kunnátta í nýja málinu verður líka sterkari
- Nemendur eiga auðveldara með að tileinka sér námsgreinar
- Nemendum líður betur í skólanum
- Nemendur eiga betri samskipti við foreldra
- Þetta næst einungis ef gott samhengi/samband er á milli móðurmálskennara og annarra kennara og alls námsins í skólanum

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Námskrá verður að kveða á um að

- Nemendur fá strax í 1.bekk góða kennslu í hljóðkerfistækni, fram og tilbaka stafur og hljóð
- Að nemendur í leikskóla og fram í 2.bekk fá markvissa kennslu í 1500 orðum á ári
- Nemendur í 3.bekk fá sérstaka kennslu eða námsefni í orðaforða til að brúa bilið til eintyngdu nemendanna (6000 orð)

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Þessu er ekki hægt að framfylgja nema

- Með viðeigandi námsefni
- Með nægilegum verkefnum sem tryggja miklar endurtekningar og vinnu með orðaforða
- Með nægilegum kennslustundafjölda (miklar endurtekningar, lesa sögur aftur og aftur, vinna með orðin í leik og starfi)

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Kennslubækur fyrir íslensk börn hrekka

- Þær kalla fram kunnáttu sem ekki er til staðar
- Þær gera kröfur um eitthvað sem barnið getur ekki framkvæmt – orð sem barnið skilur ekki (búa til eitt orð úr tveim, samheiti, andheiti, tala um eitthvað sem þau hafa ekki orðaforða yfir.. Of mörg erfið orð í texta....
- Erlenda barnið á að framkvæma eitthvað áður en það lærir það
- Þær eru ekki samdar sem fyrir erlend börn

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Námsmat

- Hefur nemandinn náð innihaldi kennslustundanna
- Hver er málakunnátta nemandans í samanburði við eintyngda jafnaldra
- Hvað er það nákvæmlega í málinu sem þarf að æfa og kenna til að barnið geti tekið þátt í kennslustundum með íslenskum jafnöldrum
- Námsmat verður alltaf að vera í samræmi við námskrá
- Nemendur með annað móturmál þarf að prófa oft, jafnvel daglega

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Árangur næst

- Með góðri námskrá
- Með góðri námsáætlun í skólanum, samvinnu allra kennara
- Með mikilli áherslu á málanámið, fleiri kennslustundir
- Með því að gera kröfur til nemendanna, ekki of miklar en alls ekki of litlar (Pygmalion-effect)

Sigríður Ólafsdóttir, 2006

Sigríður Ólafsdóttir, 2006